

# Dalur

## Hvammur í Dal, Borgarbraut 20

Húsið var byggt 1906 af Jóni Benediktssyni (1849-1916) og Guðrúnu Þórðardóttur (1849-1928). Þau hjón höfðu búið í Skipanesi og Ási í Melasveit en fluttu í Borgarnes árið 1900 og bjuggu þar til æviloka. Húsið nefndu þau Hvammur í Dal, en það stóð undir brekkubrún í austanverðum Skallagrímsdal. Nafnið stýttist síðar í máli manna og var kallað Dalur. Húsið er timburhús á þremur hæðum, um 165 m<sup>2</sup> að stærð (68+68+29 m<sup>2</sup>). Árið 1906 bjuggu þar :

Jón Benediktsson, tómthúsmaður, 57 ára.  
Guðrún Þórðardóttir, kona hans, 57 ára.  
Þórdís, þeirra dóttir, 27 ára.  
Ásbjörn Guðmundsson lausamaður, 34 ára.  
Þórdís Sæmundsdóttir, vinnukona, 28 ára.  
Þórður Sæmundsson, skóari, 27 ára.



Árið 1910 er húsinu skipt í fjóra hluta og þar búa 12 manns, þ.á.m. fjögur uppkomin börn hjónanna, Benedikt, Þórdís, Margrét og Þóra. Afkomendur Jóns og Guðrúnar bjuggu í húsinu fram á síðari hluta 20. aldar.

- A** Jón Benediktsson, tómthúsmaður, 61 árs  
Guðrún Þórðardóttir, hans kona, 61 árs  
Benedikt, þeirra sonur, 25 ára. Lausamaður.
- B** Jón Eyjólfsson, tómthúsmaður, 34 ára. Kom frá Langárfossi.  
Þórdís M. Jónsdóttir, hans kona, 31 árs. Kom frá Langárfossi.  
Karl Eyjólfur, þeirra sonur, f. 20. jún í 1910.  
Jónína Guðrún, þeirra dóttir, f. 20. júní 1910. Tvíburar.  
Karitas Vigfúsdóttir, ekkja, 59 ára. Kom frá Svignaskarði.
- C** Eggert Eiríksson skósmiður, 41 ára.  
Margrét Jónsdóttir hans kona, 21 ára.
- D** Daniel Eyjólfsson, lausamaður, 25 ára.  
Þóra J. Jónsdóttir, hans kona, 23 ára.

Dalur varð fyrir miklum brunaskemmdum aðfaranótt 14. júní 2012. Þetta gamla hús bíður nú verðskuldaðrar viðgerðar.

